

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2005

frá 29. apríl 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum dýrasjúkdóma sem berast í fólk með matvælum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um eftirlit með dýrasjúkdómum og smitvöldum dýrasjúkdóma, sem berast í fólk, um breytingu á ákvörðun ráðsins 90/424/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/117/EBE ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi gildir ekki að því er varðar Ísland og Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Hluti 7.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 8. lið (tilskipun ráðsins 92/117/EBE):
 - „8a. **32003 L 0099**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um eftirlit með dýrasjúkdómum og smitvöldum dýrasjúkdóma, sem berast í fólk, um breytingu á ákvörðun ráðsins 90/424/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/117/EBE (Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31).
 - 8b. **32003 R 2160**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum dýrasjúkdóma sem berast í fólk með matvælum (Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1).

Ákvæði þessarar reglugerðar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Orðið „, Noregur“ bætist við á eftir orðinu „Finnland“ í 3. mgr. 9. gr.“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.

2. Texti 8. liðar (tilskipun ráðsins 92/117/EBE) falli brott.

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 og tilskipunar 2003/99/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. apríl 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.